

Dómarafélag Íslands
kt. 460985-0729
Dómhúsinu við Lækjartorg
Reykjavík

Reykjavík, 17. janúar 2006

Til Alþingis Íslendinga
Forseti Alþingis
Sólveig Pétursdóttir

Kjaradómur hefur allt frá því hann var stofnaður árið 1962 ákveðið laun dómara, fyrst hæstaréttardómara og síðan einnig héraðsdómara frá árinu 1984. Að baki þessu býr það sjónarmið að ekki er æskilegt að framkvæmdavaldið fjalli um eða ákveði laun dómara. Dómarar njóta sérstöðu sem einn af þremur handhöfum ríkisvalds og er sjálfstæði þeirra og staða tryggð með ákvæðum stjórnarskrár. Fyrir setningu laga um Kjaradóm sömdu dómarar um kjör sín. Að baki þeirri ákvörðun að taka sammingsrétt af dómurum og færa undir Kjaradóm voru þau rök að eðlilegt væri að fela óháðum úrskurðaraðila ákvörðun kjara þeirra. Á þeim tíma treystu dómarar því að störf þeirra yrðu metin að verðleikum af slíkum aðila og í ljósi stöðu dómsvaldsins sem einn þriggja valdhafa ríkisins.

Hinn 19. desember sl. ákvað Kjaradómur laun þeirra sem undir hann falla, þar með talið laun dómara. Var sú ákvörðun reist á ákvæðum laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Þessi ákvörðun Kjaradóms kallaði fram hörð viðbrögð í þjóðfélaginu, þar á meðal hjá aðilum vinnumarkaðarins. Þetta varð til þess að ríkisstjórnin boðaði að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp þar sem ákvörðun Kjaradóms yrði felld úr gildi.

Af þessu tilefni vill stjórn Dómarafélags Íslands minna á aðdraganda þess að dómarar voru færðir undir Kjaradóm. Verður í því sambandi að hafa sérstaklega í huga stöðu dómsvaldsins og sjálfstæði þess gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins. Með hliðsjón af því er óeðlilegt að framkvæmdavaldið eða löggjafarvaldið hlutist til um breytingu á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin lögum samkvæmt. Hljóta hér önnur sjónarmið að gilda um dómara en aðra þá sem falla undir Kjaradóm. Í þessu sambandi má vísa til athugasemda með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 120/1992 en þar er beinlínis vikið að þeirri sérstöðu sem dómarar hafa „umfram aðra ríkisstarfsmenn samkvæmt stjórnarskránni.“


Athygli er vakin á því að fyrirhuguð breyting til lækkunar á kjörum þeirra sem falla undir Kjaradóm beinist aðeins að fámennum hópi ríkisstarfsmanna. Leikur vafi á hvort slík ákvörðun stenst 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði.


Einnig skal áréttað að ákvörðun Kjaradóms frá 19. desember sl. hefur þegar tekið gildi. Löggjafinn hefur með setningu laga nr. 120/1992 fengið mönnum þann rétt til launa sem Kjaradómur ákveður og eru þau laun með því orðin eign þeirra og verður þeim ekki breytt vegna þeirrar verndar sem eignarréttur nýtur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.


Með bréfi dagsettu 11. þessa mánaðar beindi stjórn Dómarafélags Íslands samhljóða erindi til forsætisráðherra. Í því bréfi var þess einnig farið á leit að ekki yrði lagt til við Alþingi að breyting yrði gerð á þeim kjörum sem dómurum hafa verið ákveðin af Kjaradómi. Kæmi hins vegar til þess að Alþingi samþykki breytingar í þá veru kynni félagið að telja sig knúið til að láta reyna á hvort þær væru samrýmanlegar stjórnarskránni.


Dómurum er óljúft að karpa um kjör sín við hliðsetta handhafa ríkisvaldsins, en telja algjörlega óásættanlegt að aðrir en lögskipaðir aðilar, í þessu tilviki Kjaradómur, hafi afskipti af launum þeirra. Slík afskipti eru í vissum skilningi aðför að sjálfstæði dómsvaldsins. Til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum Dómarafélagsins er þess farið á leit að fulltrúum þess verði gefinn kostur á mæta á fund þeirrar þingnefndar sem fær málið til afgreiðslu.


Stjórn Dómarafélags Íslands


Hjördís Hákonardóttir, formaður


Arngrímur Ísberg, varaformaður


Benedikt Bogason, ritari


Gréta Baldursdóttir, gjaldkeri


Ingibjörg Benediksdóttir, meðstjórnandi

Afrit sent:
Formönnum þingflokka
Allsherjarnefnd
Efnahags- og viðskiptanefnd